



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 5. október 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. sept. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu, hér kölluð Miðstöðin, um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Miðstöðin fagnar og styður heilshugar ofangreinda tillögu. Lögfesting samningsins væri jákvætt og afar mikilvægt skref í þá átt að tryggja betur réttindi fatlaðs fólks. Þá undirstrikar fullgilding samningsins enn frekar mikilvægi þess að mannréttindi og grundvallarfrelsi fatlaðra einstaklinga sé tryggt til jafns við aðra og að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar svo hægt sé að ná þeim markmiðum. Miðstöðin hefur lagt sig fram um að starfa í anda sáttmálans og fagnar ofangreindri tillögu.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,

forstjóri

---

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu